



HRUNAMANNAHREPPUR

83. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

3. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 19. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 23. fundar frá 16. febrúar 2026.

Lögð fram fundargerð 23. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Varðandi lið 5 „framkvæmdir við Sundlaugina á Flúðum“ samþykkir sveitarstjórn samhljóða að gengið verði að tilboði Á. Óskarssonar ehf í endurnýjun á dúk sundlaugarinnar. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að á framkvæmdatímanum verði byggt yfir laugarkerið og að gert verði við steypuskemmdir á laugarkerinu. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Varðandi lið 7 „Umræða um göngupverun og göngustíga“ samþykkir sveitastjórn samhljóða að óska eftir fundi með fulltrúum Vegagerðinnar en árlegir fundir hafa reynst vel og í kjölfar þeirra hafa margar úrbætur á vegakerfinu orðið að veruleika.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

2. Fundargerð 319. fundar skipulagsnefndar frá 11. febrúar 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 319. fundar skipulagsnefndar frá 11. febrúar 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

3. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð stjórnar frá 11. febrúar 2026.

Lögð fram fundargerð Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials: DG, JSB, ARJ, and a checkmark.

4. **Oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu: Fundargerð 12. fundar frá 11. febrúar 2026.**

-Ásamt drögum að samningi um jörðina Laugarás í Bláskógabyggð, drögum að eignayfirlýsingu og öðrum fylgiskjöllum.

Lögð fram fundargerð 12. fundar Oddvitanefndar Uppsveita Árnessýslu ásamt drögum að samningi um jörðina Laugarás í Bláskógabyggð, drögum að eignayfirlýsingu og öðrum fylgiskjöllum.

Varðandi lið 1 „rekstrarform Laugaráshéraðs“ samþykkir sveitarstjórn samhljóða að fela Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur hdl að ganga frá tilkynningu til Skattsins/Fyrirtækjaskrár um slit og afskráningu Laugaráshéraðs, kt. 620169-5879 að fengnu samþykki, frágangi og eftir atvikum þinglýsingu skjala skv. fundarliðum 2-4 á fundinum, sem verða nú teknir sérstaklega fyrir.

Varðandi lið 2, „drög að nýjum samstarfssamningi um jörðina Laugarás“, samþykkir sveitarstjórn samhljóða fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi um jörðina Laugarás. Samningurinn nær til jarðarinnar sjálfar og allra þeirra lóða sem hefur verið skipt út úr henni með öllu sem þeim fylgir og fylgja ber. Sveitarstjórn felur Aldísi Hafsteinsdóttur, kt. 211264-5009 að undirrita samninginn f.h. sveitarfélagsins.

Lagt fram verðmat fyrir jörðina Laugarás dags. 17.02.2026: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að koma að viðræðum þeirra sveitarfélaga sem eiga jörðina Laugarás, Bláskógabyggð, L167138, um möguleg kaup Bláskógabyggðar á jörðinni með hliðsjón af fyrirbyggjandi verðmati jarðarinnar. Sveitarstjóra verði jafnframt falið að fylgja viðræðunum eftir f.h. sveitarfélagsins og leggja eftir atvikum mögulegar útfærslur kaupa Bláskógabyggðar á jörðinni fyrir fund sveitarstjórnar að viðræðum loknum.

Varðandi lið 3, „drög að eignayfirlýsingu vegna niðurlagningar Laugaráshéraðs“ samþykkir sveitarstjórn samhljóða fyrirbyggjandi drög að eignayfirlýsingu vegna niðurlagningar Laugaráshéraðs. Í yfirlýsingunni felst að við niðurlagningu Laugaráshéraðs, kt. 620169-5879, falli grunneignarréttur Laugaráshéraðs í öllum þeim fasteignum sem tilgreindar eru í fylgiskjali með eignayfirlýsingunni til eigenda Laugaráshéraðs í eftirtöldum eignarhlutföllum:

Hrunamannahreppur 30,0%

Skeiða- og Gnúpverjahreppur 24,9%

Grímsnes- og Grafningshreppur 11,9%

Bláskógabyggð 33,2%

Í eignayfirlýsingunni er tilgreint að framangreind sveitarfélög taki við öllum réttindum og skyldum Laugaráshéraðs í framangreindum hlutföllum og að öll veðbönd á eignunum haldi gildi sínu ásamt því að stór hluti hinna afsöluðu eigna séu leigulóðir og allir leigusamningar haldi gildi sínu. Sveitarstjóra er falið að undirrita eignayfirlýsinguna f.h. sveitarfélagsins.

Varðandi lið 4, „drög að yfirlýsingu um ráðstöfun fjármuna og greiðslu kostnaðar vegna niðurlagningar Laugaráshéraðs og hagsmunagæslu vegna jarðarinnar Laugaráss“, Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög að yfirlýsingu um ráðstöfun fjármuna og greiðslu kostnaðar vegna niðurlagningar Laugaráshéraðs, kt. 620169-5879, og hagsmunagæslu vegna jarðarinnar Laugaráss.

Sveitarstjórn samþykkir einnig samhljóða fyrirbyggjandi drög að yfirlýsingu um ráðstöfun fjármuna og greiðslu kostnaðar vegna niðurlagningar Laugaráshéraðs, kt. 620169-5879, og hagsmunagæslu vegna jarðarinnar Laugaráss, L167138, og að sveitarstjóra, Aldísi Hafsteinsdóttur, kt. 211264-5009, verði falið að undirrita eignayfirlýsinguna f.h. sveitarfélagsins.

14 DGS ARJ SB BV

Varðandi lið 5, „húsnæði heilsugæslunnar í Laugarási, misskráningar í Fasteignaskrá". Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur hdl, Lögmönnum Suðurlandi, að fylgja eftir hagsmunagæslu aðildarsveitarfélaganna vegna eignarhluts þeirra í fasteigninni og eftir atvikum annarra misskráninga sem kunna að vera í fasteignaskrá og þinglýsingarbókum vegna jarðarinnar Laugaráss og útskiptra lóða og að sveitarstjóra, Aldísi Hafsteinsdóttur, kt. 211264-5009, verði falið að undirrita eignayfirlýsinguna f.h. sveitarfélagsins.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

5. SASS: Fundargerð 633. fundar stjórnar frá 6. febrúar 2026.

Lögð fram fundargerð 633. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Bergrisinn bs.: Fundargerð 91. stjórnarfundar frá 3. febrúar 2026.

Lögð fram fundargerð 91. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Arnardrangur hses.: Fundargerð 25. stjórnarfundar frá 3. febrúar 2026.

Lögð fram fundargerð 25. stjórnarfundar Arnardrangs hses.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 215. fundar frá 10. febrúar 2026.

Lögð fram fundargerð 215. fundar Tónlistarskóla Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

9. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 5. febrúar 2026.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna átaks sem miðar að því að styrkja lýðræðið á sveitarstjórnarstigi bæði með það að markmiði að fjölga þeim einstaklingum sem bjóða sig fram til sveitarstjórnar í komandi sveitarstjórnarkosningum auk þess sem allir verði hvattir til að nýta sér kosningarétt sinn.

Lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá tilnefningarnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga frá 12. febrúar 2026.

Lagt fram bréf frá tilnefningarnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

11. Greinargerð UNICEF eftir úttekt vegna viðurkenningar á Barnvænu sveitarfélagi.

Lögð fram greinargerð UNICEF eftir úttekt vegna viðurkenningar Hrunamannahrepps sem Barnvænt sveitarfélag.

Sveitarstjórn fagnar því að úttekt UNICEF á starfsemi Hrunamannahrepps í tengslum við verkefnið Barnvæn sveitarfélög hafi leitt í ljós að sú vinna sem þegar hefur átt sér stað hafi skilað sér strax í bættu umhverfi og bættum starfsháttum fyrir alla íbúa Hrunamannahrepps. Þekking á réttindum barna hefur verið stórefld á tímabilinu auk þess sem fjöldi aðgerða hafa verið framkvæmdar, réttindum barna til framdráttar. Sveitarstjórn mun áfram stuðla að því að Hrunamannahreppur verði gott sveitarfélag fyrir börn til að búa í rétt eins og fyrir alla aðra íbúa sveitarfélagsins.

Handwritten signatures and initials: H4, DCS, ARJ, BLV, and a signature.

12. Bréf frá keppnisstjóra Hill Rally frá 8. febrúar 2026.

Lagt fram bréf frá keppnisstjóra Hill Rally þar sem sótt er um leyfi vegna keppni sem fram fer dagana 6. – 8. ágúst 2026.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita leyfi fyrir keppninni að því gefnu að veginir verði ekki í verra ásigkomulagi eftir keppnina en nú er. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að senda mótshöldurum reikning fyrir viðgerð á veginum gerist þess þörf. Afréttarmálanefnd verður sent erindið til kynningar.

13. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 5. mars n.k., kl.14:00.

Mál til kynningar:

14. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 88. fundar frá 17. október 2025

Lagt fram til kynningar.


15. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 89. fundar frá 9. janúar 2026.

Lagt fram til kynningar.

16. Bréf frá Resource International frá 3. febrúar 2026.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:20.


Bjarni Vignisloftir
Alexandra Póss-Jónnesdóttir
Dafi Geir Samuelsson
Herbert Poulsson
Alli Halldórsson